

LCI - AGM 2019 í Rotterdam - Ferðasaga

Leigubíllinn stöðvaði, ég steig út í hitann fyrir framan stóru ráðstefnuhótelin í fallegu umhverfi. Fiðrildin í maganum fóru á flug, hvað er ég búin að koma mér úti, þessi helgi verður eitthvað! Þetta voru tilfinningarnar sem helltust yfir mig þegar ég mætti á svæðið. Vitandi lítið um þennan viðburð annað en að þetta árið yrði hann extra stór vegna 60 ára afmælis alþjóðasamtakanna. Við Jóhanna mættum tvær úr LC4 í Reykjavík algjörlega blautar á bak við eyrun hvað svona stórviðburði varðar. Strax í móttökunni hittum við kunnugleg andlit, íslenska reynslubolta, ég var búin að ákveða að fylgja straumnum og njóta.

Fyrsti viðburðurinn var opunarhátíð og skrúðganga þar sem hvert land var í sínum einkennisbúningi. Ég hafði samviskusamlega fengið lánaðan Íslandskjól og fannst ég vera tilbúin í gönguna, með allt á hreinu. En vá hvað ég þarf að hugsa þetta lengra næst, þvílíkt flottir búningar hjá öllum. Vissulega var metnaðurinn mismikill en það ýtti klárlega við mér að gera betur næst. Inga Sigga lánaði mér skotthúfu og veifu svo



ég væri nú ekki alveg aukahlutalaus. Skrúðgangan fór af stað í stafrófsröð eftir löndum og við vorum heppin að vera á eftir hljómsveitinni Mom's Kitchen Jazzband. Þvílíkir stuðboltar strákarnir í bandinu og fannst nú ekki leiðinlegt að hafa þessar hressu íslensku dömur dansandi í kringum sig. Gangan var mjög löng og eina reglan



sem var brýnd fyrir okkur í upphafi var að ef það væri rautt ljós þá yrðum við að stoppa. Það voru menn við allar götur að passa þetta og þannig festist hljómsveitin okkar á umferðareyju með Evu. Gangan endaði svo í frábæru partýi í hálfgerðum

undirgöngum. Þar byrjaði ég að kynna konum frá hinum ýmsu heimshornum og fór alveg á flug í pinnaskiptum, svo ég þurfti að kaupa fleiri pinna af landsstjórninni daginn eftir.

Það voru misjafnlega ferskar konur sem mættu á fund morguninn eftir en dagskráin var lifandi og ekki hægt að láta sér leiðast. Þvílík stemming að vera í salnum með rúmlega 1300 konum að fagna 60 ára afmælinu og öllu því góða sem hefur áunnist á þeim tíma. Á fundinum vorum við klæddar í norðurljósapema til að auglýsa MTM í Reykjavík og tel ég að okkur hafi tekist að freista nokkurra kvenna sem ætla að mæta í janúar. Eftir fundinn rukum við uppá hótél að skipta um föt og finna út hvert átti að mæta fyrir heimapartýin. Ég var í fámennu en góðmennu heimapartýi. En við vorum aðeins 7 gestir og 2 gestgjafar. Það varð mjög notaleg og persónuleg stemming og mikið var spjallað og hlegið. Ég hefði helst viljað hafa það lengur en þar sem partýin voru út um allan bæ og margar rútur í því að ferja fólk þá var strangt tímáplan. Eftirpartý var svo á hótélbarnum en þar sem það var mjög fjölmennt þá var auðvelt að tynast í þvögunni.



Laugardagurinn var svo frekar rólegur framanaf þar sem ég þurfti ekki að mæta á neinn fund. Ég var hins vegar búin að bóka mig í hárgreiðslu og förðun fyrir kvöldið og mætti í það bara uppúr hádegis. Verkefni dagsins var svo að sötra kokteila og halda andlitinu fram á kvöld. Galapartýið var um borð í snekkju sem var mjög flott, með stóru dansgólfi, mörgum börum og matarstöðvum með ýmsum réttum, auk þess var sófahorn og svo stórt útisvæði efst uppi. Það var stórt baðherbergi með mörgum básum og þar var starfsdama sem sá um að halda þeim hreinum, fylla á allt og gæta þess að allt gengi vel. Barin var opin

og engin takmörk á fjölda drykkja. Ég stóð mig að sjálfsgöðu vel í djamminu og gekk heim á hótél með Guðbjörgu þegar partýið á bátnum var búíð. Það var vissulega ákveðin upplifun að vera í þessum aðstæðum en fjöldinn var þvítíkur að það var mjög auðvelt að týna fólki. Ég meira að segja vissi af einni úr heimapartýinu um borð í bátnum en fann hana aldrei allt kvöldið. Að því leyti hlakka ég mjög mikið til að upplifa minni viðburð í Reykjavík í janúar þar sem auðveldara er að mynda tengsl í minni hóp. En þetta var bara upphafið, nú er ég komin með bakteríuna og hlakka til að fara til Finnlands að ári. Ég vil hvetja allar sem hafa tók á að taka þátt í MTM 2020 og að sjálfsgöðu að drífa sig svo út á næstu viðburði, það er svo margt spennandi framundan.



Dóra Guðrún Ólafsdóttir – Formaður LC4